



Reykjanesbær, 12. maí 2020  
Mál nr. 2020030203

## Minnisblað

Viðtakandi: Velferðarráð Reykjanesbæjar

Sendandi: Sviðsstjóri velferðarsviðs

Fjöldatakmörk samkomubanns vegna Covid-19 voru hækkuð úr 20 í 50 manns 4. maí síðastliðinn og voru þá gerðar breytingar á þjónustu velferðarsviðs. Félagsstarf aldraðra, vinnustaðir og hæfing fyrir fatlað fólk voru áfram beðnir um að virða reglu um 20 manna hámarksfjölda í hverju rými og tóku breytingar á starfsemi Nesvalla, Hæfingarstöðvarinnar og í Björginni geðræktarmiðstöð mið af þeim viðmiðum .

### Nesvellir.

Þjónustuborð Nesvalla er áfram opið frá kl. 8.00 – 16.00 alla virka daga.

Félagsstarfið í listasmiðjunni á Nesvöllum var opnað fyrir 4-8 manna hópa.

Matsalurinn er áfram lokaður og heimsending matar stendur þeim eldri borgurum sem þess óska til boða.

Dagdvalir að Nesvöllum og í Selinu voru opnaðar að nýju með takmörkunum. Á Nesvöllum eru dagdvalargestir hálfan daginn alla daga en í Selinu eru dagdvalargestir allan daginn annan hvern dag. Er þetta fyrirkomulag haft á til að takmarka smitleiðir og virða sóttvarnir og fjöldatakmörkanir.

### Hæfingarstöðin.

Hæfingarstöðin starfar áfram með skertu sniði m.t.t. sóttvarnareglna. Hefðbundnum opnunartíma er skipt milli þjónustunotenda og áfram fá einhverjir þjónustunotendur þjónustu heima fyrir sé þess óskað. Þjónustuáætlun er unnin í samráði við notendur og aðstandendur.

### Björgin geðræktarmiðstöð.

Björgin opnaði aftur 4.maí með takmörkunum. Notendum er skipt upp í hópa til að virða 20 manna samkomubann. Hver hópur mætir einu sinni í viku. Starfsmenn sinna notendum einnig áfram með rafrænum hætti, í gegnum síma og tölvusamskipti.

### Skrifstofa velferðarsviðs.

Frá og með mánudeginum 4 maí 2020 voru fyrstu skrefin tekin í opnun Ráðhússins með því að opna aðgengi að þjónustuverinu aftur. Velferðarsvið leggur áfram áherslu á að starfsfólk sinni samskiptum við þjónustuþega og aðra íbúa með rafrænum hætti, í gegnum síma og tölvusamskipti, þar sem því verður við komið. Jafnframt er heimilt að taka viðtöl í Ráðhúsinu, innan þess sóttvarnarsvæðis sem starfsmaður starfar á, að því gefnu að unnt sé að virða almennar sóttvarnareglur, þ.m.t. 2ja metra regluna. Starfsmaður tekur á móti gestum inn um þann inngang sem tilheyrir sóttvarnarsvæði starfsmanns. Jafnframt stendur starfsmönnum áfram til boða að bjóða upp á fund/viðtöl í Fjölskyldusetrinu. Sá starfsmaður sem heldur fund/viðtal ber ábyrgð á þrifum/sóttþreinsun eftir fund/viðtal.